

9. október 2019

Olíverzun Íslands ehf.  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík

**Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir eldsneytisafgreiðslu Olíuverzlun Íslands að Hafnarbraut 19, 740 Neskaupstað**

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstur bensínstöðvar og þjónustuhúsi á Hafnarbraut 19, 740 Neskaupstað barst 15.8.2019. Umsækjandi er Olíuverzlun Íslands ehf., kt. 500269-3249.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 9. september sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 7. september 2019.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi